




Starfsáætlun 2025-2026

Leikskólinn Bjarkatún

Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Leiðarljós leikskólans	3
Markmið Krummadeildar 2025-2026	4
Innra mat Krummadeildar	4
Endurmat	4
Styrkleikar	5
Tækifæri til umbóta.....	5
Ársmarkmið.....	5
Markmið Kríudeildar 2025-2026.....	5
Innra mat Kríudeildar	5
Endurmat	5
Ársmarkmið.....	6
Markmið Tjaldadeildar 2025-2026	7
Innra mat Tjaldadeildar	7
Endurmat	7
Ársmarkmið.....	7
Markmið sérkennslu 2025-2026	7
Endurmat	8
Ársmarkmið.....	8
Ytra og Innra mat.....	9
Mannauður	9
Fundir.....	10
Starfs- og námskeiðsdagar	10
Endurmenntun/símenntun	10
Hagnýtar upplýsingar.....	11
Viðbótarkennsla	11
Almennt um Bjarkatún.....	11
Öryggismál.....	12
Atvik	12
Heilbrigðiseftirlitið og Vinnueftirlitið	12

Foreldrasamstarf	12
Foreldrafélag / Foreldraráð	13
Samstarf	13
Fjölskyldusvið – Skólaþjónusta Múlaþings	13
Djúpavogsskóli.....	14
Skil milli skóla	15
Tryggvabúð	15
Brunavarnir Austurlands	15
Lokaorð	15
Fylgiskjöl	16

Formáli

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Þar má finna upplýsingar fyrir starfsfólk, foreldra og rekstraraðila um það hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verður að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Leikskólastarf er í sífelldri mótun og starfið tekur stöðugum breytingum og þróast í takt við þann hóp sem kemur að leikskólanum hverju sinni. Leikskólanám er góð viðbót við uppeldi foreldra og forráðamanna en kemur aldrei í staðinn fyrir það. Foreldrar eru óumdeilanlega aðaluppalendur barna sinna og bera meginábyrgð á uppeldinu.

Leiðarljós leikskólans

Fram undan er spennandi skólaár þar sem við erum að innleiða *Heillaspora*. Nokkrir skólar í Múlaþingi hafa þegar hafið innleiðingu *Heillaspora* og í vetur mun leikskólinn Bjarkatún einnig hefja innleiðinguna. *Heillaspor* styður við áherslur farsældarlaga þar sem fylgst er með velferð og farsæld barna og foreldra, þjónustubörf er metin og brugðist við henni á skilvirkan hátt. Einnig felst í því innleiðing nýrra starfshátta, m.a. valdefling kennara sem styrkir þá í að mæta fjölbreyttum þörfum barna. Með þessu eykst einnig þekking kennara á því að lesa betur í hegðun barna. Mikilvægt er að geta greint hegðun barns til að mæta þörfum þess á réttan hátt. *Heillaspor* mun því vera mikilvægur þáttur í starfi leikskólans þar sem það styður við lög um farsæld barna.

Leikskólinn Bjarkatún mun einnig taka þátt í þróunarstarfi með öðrum leikskólum í Múlaþingi sem nefnist *Með leikinn að leiðarljósi*. Verkefnið er samstarfsverkefni sjö leikskóla í Múlaþingi og á Vopnafirði ásamt Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Markmiðið er að styrkja lærdómssamfélag leikskólanna með leikinn að leiðarljósi. Verkefnið er unnið í teyrum þar sem deildarstjórar leiða samstarfsfólk sitt. Allt starfsfólk leikskólans er í teymi.

Síðasta ár var krefjandi þar sem einn faglærður kennari fór til starfa í grunnskóla. Í leikskólanum voru þá aðeins einn faglærður deildarstjóri og tveir ófaglærðir mikil vinna lenti því á þeim sem faglærðir voru, en þeir eru þrír: leikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjóri Kríudeildar. Næsta vetur verður því lögð áhersla á að fá faglærða kennara til starfa í Bjarkatúni eða nýta mannauðinn betur með því að hvetja starfsfólk til að sækja sér menntun og gráðu.

Einkunnarorð leikskólans Bjarkatúns eru *samvinna, traust og virðing*. Á starfsmannafundum í vetur munum við ræða gildin og hvort bæta eigi við nýju gildi, *gleði*, þar sem sumir starfsmenn hafa lagt það til. Við ætlum að vinna markvissar með einkunnarorðin okkar og gera þau sýnilegri í daglegu starfi, í umhverfi leikskólans og í ræðu og riti.

Gildin okkar tvinnast saman við þær stefnur sem við höfum þegar innleitt. Sérstaða okkar felst í því að Djúpivogur er ennþá eina bæjarfélagið á Íslandi sem er hluti af *alþjóðlegu Cittaslow-hreyfingunni*. Á Djúpavogi er *verndarsvæði í byggð* og áhersla á umhverfisvernd og hæglæti eru mikilvægir þættir samfélagsins. Þessar áherslur endurspeglast einnig í starfi leikskólans.

Að vera Cittaslow-skóli fellur vel að *Grænfánastarfinu* en leikskólinn Bjarkatún hefur hlotið *Grænfánann* fimm sinnum og heldur áfram markvissu umhverfisstarfi.

Markmið Krummadeildar 2025-2026

Innra mat Krummadeildar

Haustið 2024 voru átta börn á Krummadeild en á vorönninni fjölgaði þeim í tíu. Eitt barn hóf aðlögun í september og tvö í janúar. Aldursbilið í hópnum var eitt ár og sex mánuðir; elsta barnið var fætt í mars 2022 og það yngsta í september 2023. Á deildinni voru fimm fjöltyngd börn.

Þrír leiðbeinendur fylgdu barnahópnum haustið 2024. Í janúar bættist við einn starfsmaður og um áramótin færði einn starfsmaður sig yfir á Kríudeild. Í hans stað voru ráðnir tveir nýir starfsmenn, annar í fullt starf og hinn í hlutastarf.

Endurmat

Þrír leiðbeinendur fylgdu barnahópnum haustið 2024. Um áramótin færði einn starfsmaður sig yfir á Kríudeild og voru þá ráðnir tveir í hans stað, annar í fullt starf og hinn í hlutastarf.

Skipulagt hópastarf gekk mjög vel. Yngri börnin á Krummadeild tóku ekki þátt í skipulögðu hópastarfi. Þau fóru þó í listakrök og könnunarleik einu sinni í viku þar sem þau prófuðu sig áfram og rannsökuðu umhverfi sitt.

Eldri börnin tóku þátt í skipulögðu hópastarfi. Þau fóru í Lubbastarf, stærðfræði (stærðfræðilestina o.fl.), hreyfingu, könnunarleik og listakrök einu sinni í viku.

Útivera var á dagskrá alla daga, nema þegar veðrið var sérstaklega óhagstætt.

Samverur voru haldnar tvisvar á dag. Í fyrri samverunni var sungið, farið yfir daginn, rætt um veðrið og í hvað þyrfti að klæða sig fyrir útiveru. Í seinni samverunni, rétt fyrir hádegismat, var lesin bók. Einu sinni í viku var einnig unnið með orðaforðakistuna.

Styrkleikar

Mikil nánd er á milli starfsfólks og barna á Krummadeild þar sem starfsfólk er til staðar á gólfinu hjá börnunum og er fljótt að lesa í aðstæður og hvað börnin þarfnast. Það er mikið lesið og sungið á deildinni.

Tækifæri til umbóta

Hugmyndafræði uppeldis til ábyrgðar þarf að vera sýnilegri á deildinni og í vetur ætlum við að bæta úr því.

Ársmarkmið

Næsta vetur verður einn árgangur á Krummadeild, börn fædd árið 2023. Næsta barn kemur inn í janúar 2026 og verður aðlögunin þá unnin með þátttökuaðlögun. Leiðarljósið er að börnin og foreldrar þeirra upplifi vellíðan og öryggi. Mikilvægt er að huga að því að aðlögun barna og starfsmanna fari ekki fram á sama tíma, þar sem það reyndist erfitt á síðasta ári.

Markmiðin verða:

- Að halda áfram með fjölbreytilegt hópastarf þar sem Lubbi, stærðfræði, hreyfing, könnunarleikur, tónlist og listsköpun gegna lykilhlutverki.
- Að börnum líði vel og finni fyrir öryggi.
- Að leikefni og umhverfi sé hvetjandi og hæfi aldri þeirra.
- Að leggja áherslu á að börn heyri og öðlist fjölbreyttan orðaforða.

Markmið Kríudeildar 2025–2026

Innra mat Kríudeildar

Veturinn 2024–2025 voru fjórtán börn á Kríudeild, sex fædd árið 2020 og átta árið 2021. Sex barnanna hófu aðlögun á milli deilda í ágúst. Aldursbilið í hópnum var eitt ár og níu mánuðir; elsta barnið var fætt í janúar 2020 og það yngsta í desember 2021. Á deildinni voru sex fjöltyngd börn. Með hópnum störfuðu deildarstjóri, tveir leiðbeinendur og tveir stuðningar.

Endurmat

Við settum okkur þrjú ársmarkmið fyrir veturinn. Það fyrsta var að halda áfram með fjölbreytt starf. Kubbastarf, sköpun, stærðfræði og Lubbastarf gengu heilt yfir vel. Ætlunin var að vera með skipulagðan tónlistartíma einu sinni í viku en þegar tónlistarkennarinn fór í veikindaleyfi gat enginn starfsmaður tekið það að sér og því féll það niður. Einnig var gert

ráð fyrir tíma í íþróttahúsinu en það gekk ekki eftir. Í staðinn var gangurinn í leikskólanum nýttur til hreyfingar þar sem salur leikskólans er nýttur fyrir elstu nemendur.

Annar þátturinn var að leggja áherslu á fjölbreyttan orðaforða. Í samverustundum var mikið sungið, sagðar sögur og lesið. Áfram var unnið eftir *orðaforðalistanum* sem Menntamálastofnun gaf út árið 2017. Kennsluefnið *Orð eru ævintýri* var einnig notað. *Tákn með tali* var nýtt í söngstundum og samveru en hefur að öðru leyti dottið niður.

Þriðji þátturinn var að börnin fyndu fyrir öryggi og virðingu. Unnið var áfram með *Uppeldi til ábyrgðar* og voru öll börnin þarfagreind haustið 2024. Einnig var unnið með námsefnið *Lífsleikni í leikskóla* þar sem tekið voru fyrir dyggðirnar *vinsemd, kurteisi og samkennd*.

Skráningar voru gerðar með myndaskráningu og afraksturinn gerður sýnilegur foreldrum í pósti vikulega.

Ársmarkmið

Næsta vetur verða tveir árgangar á Kríudeild, börn fædd árin 2021 og 2022. Markmiðin eru eftirfarandi:

- Að halda áfram með fjölbreytt starf þar sem unnið er með listsköpun, Lubba, stærðfræði, hreyfingu og kubbastarf.
- Að leggja áherslu á leik barnanna og styðja við þau námstækifæri sem þar birtast. Leikskólinn tekur þátt í þróunarverkefninu *Með leikinn að leiðarljósi*, þar sem lögð er rík áhersla á nám barna í gegnum leik.
- Að efla fjölbreyttan orðaforða. Mikil áhersla er lögð á að starfsfólk sé góðar málfyrirmyndir. Á hverjum degi er sungið og sagðar sögur með fjölbreyttum leiðum. Einnig verður unnið með orðaforðalistann sem Menntamálastofnun gaf út árið 2017; í hverjum mánuði er tekinn fyrir einn flokkur sem fléttaður er inn í starfið á deildinni. Fjöltýngd börn fá aukna íslenskuinnlög í hverri viku með kennsluefninu *Orð eru ævintýri*.
- Að börnin finni fyrir öryggi og virðingu. Unnið er áfram eftir *Uppeldi til ábyrgðar*, þar sem lögð er áhersla á að barnið hafi alltaf val. Jafnframt verður unnið með námsefnið *Lífsleikni í leikskóla*, sem byggir á tólf dyggðum: ábyrgð, áreiðanleika, glaðværð, hjálpssemi, hófsemi, hugrekki, kurteisi, samkennd, sköpunargleði, vinsemd, virðingu og þolinmæði.

Markmið Tjaldadeildar 2025-2026

Innra mat Tjaldadeildar

Á Tjaldadeild voru 8 börn, öll fædd árið 2019. Lögð var sérstök áhersla á að börnunum liði vel og að þau upplifðu sig örugg í leikskólaumhverfinu. Mikilvægt var að aðbúnaðurinn væri við hæfi og að umhverfið væri hvetjandi og í samræmi við aldur og þroska barnanna.

Hópastarf fór fram fjórum sinnum í viku og skiptist í: Lubbastarf, kubbastarf, listakrók og stærðfræði.

Íþróttahúsið var nýtt einu sinni í viku og tónlistarkennari kom einnig einu sinni í viku í leikskólann. Á föstudögum var sameiginlegt val með Kríudeild þar sem opnað var á milli deilda. Að auki fór fram *Tjaldastarf* fjórum sinnum í viku og *Hugarfrelsi* einu sinni í viku.

Endurmat

Hópastarfið gekk vel og hélt sér allan veturinn. Hins vegar tókst ekki að fá tíma í íþróttahúsinu og tónlistakennarinn veiktist, þannig að ekki varð af tónlistarstundum í leikskólanum.

Fyrir komandi vetur er ætlunin að taka aftur upp *Dyggðirnar* og leggja aukna áherslu á *Uppeldi til ábyrgðar* á Tjaldadeild.

Ársmarkmið

Næsta vetur verður einn árgangur á Tjaldadeild, börn fædd árið 2020. Markmiðin eru eftirfarandi:

- Að undirbúa börnin fyrir komandi grunnskólagöngu með fjölbreyttum verkefnum og bekkjarumhverfi sem eflir sjálfstæði og námshæfni.
- Að halda áfram í hópastarfi og taka næstu skref í erfiðleikastigi verkefna, en alltaf unnið út frá þörfum og stöðu hvers barns.
- Að tryggja að vellíðan og öryggi sé ávallt til staðar á deildinni og í leikskólanum í heild.

Markmið sérkennslu 2025-2026

Í Bjarkatúni starfar einn sérkennslustjóri. Hann hefur yfirumsjón með námi barna með sérþarfir, sér um gerð einstaklingsnámskráa og eftirfylgd þeirra. Einnig heldur hann utan um

samstarf við foreldra og utanaðkomandi sérfræðinga, skipuleggur samráð og reglulega teymisfundi og situr deildarfundi eftir þörfum.

Megináherslur sérkennslunnar í Bjarkatúni eru snemmtæk íhlutun vegna barna með seinkaðan málþroska, auk markvissrar og skipulagðrar þjálfunar barna með önnur þroskafrávik er varða mál- og hreyfiþroska, hegðun og aðrar skilgreindar sérþarfir.

Til að greina börn sem þarfnast sérstakrar athygli og stuðnings eru notuð ýmis skimunarpróf. Niðurstöður þeirra koma sjaldnast á óvart, þar sem náðið er fylgst með börnunum í leikskólanum og kennararnir þekkja yfirleitt vel stöðu hvers og eins. Skimunarpróf eru aðeins lögð fyrir með samþykki foreldra og eiga þeir rétt á að fá niðurstöður kynntar og taka þátt í ákvörðunum um frekari úrræði ef þörf krefur.

Áréttuð ber að niðurstöður skimana eru fyrst og fremst vísbendingar um mögulegan vanda barns en um leið tækifæri til að bregðast við honum og vinna markvisst áfram út frá þeim. Þær gefa einnig dýrmæta innsýn í styrkleika og veikleika barnsins og nýtast þannig við skipulagningu áframhaldandi vinnu í nánú samstarfi við foreldra.

Endurmat

Síðastliðin ár hafa öll tví- og fjöltyngd börn komið í sérkennslu þrisvar sinnum í viku. Á síðasta skólaári varð fjöldi þeirra hins vegar það mikill að ákveðið var að færa þessa íslenskukennslu yfir á deildarnar. Í þessum kennslustundum er unnið með kennsluefnið *Orð eru ævintýri*.

Framvegis munu einungis þau börn koma í sérkennslu sem eru með greiningu eða í greiningarferli. Mikilvægt er að foreldrar leiti fyrst til deildarstjóra vegna áhyggja af þroskaframvindu barna sinna áður en málið kemur á borð sérkennslustjóra.

Ársmarkmið

Markmiðið er áframhaldandi innleiðing farsældarlaganna ásamt innleiðingu á þrepaskiptum stuðningi undir handleiðslu Skóla- og frístundaþjónustu Múlaþings. Sérstaklega verður lögð áhersla á skráningar og eftirfylgd framfara tvítyngdra barna þar sem tæplega helmingur nemenda í Bjarkatúni eru tví- eða fjöltyngd. Á þessu skólaári fær hvert þessara barna skýrslu þar sem framvinda í íslensku er skráð með hakað við ákveðin viðmið. *(Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla)*

https://mms.is/sites/mms.is/files/haefnirammarr_isl_fjolyngd_4_-_leikskoli.pdf). Þetta skjal mun síðan fylgja nemendum út leikskólagönguna og yfir á næsta skólastig.

Ytra og Innra mat

Skólaárið 2014–2015 gekk Leikskólinn Bjarkatún til samstarfs við Skólapúlsinn.

Skólapúlsinn útvegar skólanum spurningalista sem lagðir eru fyrir starfsfólk og foreldra. Í vetur verður spurningalisti lagður fyrir foreldra.

Skólapúlsinn sendir niðurstöður til skólans um það bil þremur vikum eftir framkvæmd.

Niðurstöður eru teknar saman í sjálfsmatsskýrslu sem gefin er út annað hvert ár. Hún er kynnt fyrir fjölskylduráði og birt á heimasíðu leikskólans.

Síðastliðið vor tóku leikskólar í Múlaþingi upp BravoLesson, sem er gæðamatstæki sérhannað fyrir íslenska skóla. Á hverju ári eru teknir fyrir ákveðnir þættir sem metnir eru af foreldrum, starfsfólki og stjórnendum.

Vorið 2023 fór leikskólinn í úttekt hjá Menntamálastofnun. Í vetur verður áfram unnið að umbótum í tengslum við matið. Lesa má skýrsluna hér:

https://mms.is/sites/mms.is/files/leikskolinn_bjarkatun_ytra_mat_2023.pdf

Mannauður

Í vetur verða 12 stöðugildi í húsinu:

- **Krummadeild:** 2 stöðugildi
- **Kríudeild:** 2 stöðugildi og 1 stöðugildi í stuðningi
- **Tjaldadeild:** 1 stöðugildi og 1 stöðugildi í stuðningi
- **Sérkennsla:** 1 stöðugildi
- **Afleysing:** 1 stöðugildi
- **Leikskólastjóri:** 1 stöðugildi
- **Matráður:** 1 stöðugildi
- **Skólaliði:** 1 stöðugildi

Í leikskólanum Bjarkatúni starfa þrír kennarar með leyfisbréf til að nota starfsheitið kennari.

Leikskólastjórinn hefur lokið bakkalárprófi í leikskólakennarafræði og er með leyfisbréf kennara. Sérkennslustjórinn hefur lokið bakkalárprófi í leikskólakennarafræði, meistaragráðu í leikskólakennarafræði með áherslu á mál og læsi ásamt diplómu í sérkennslufræðum.

Deildarstjóri Kríudeildar hefur lokið bakkalárprófi í leikskólakennarafræði og meistaranámi í kennslufræði með áherslu á upplýsingatækni við Háskólann á Akureyri. Auk þess starfa sjö leiðbeinendur í leikskólanum.

Fundir

Starfsmannafundir verða haldnir tíu sinnum yfir árið, einu sinni í mánuði, fyrsta mánudag hvers mánaðar kl. 14:00–16:00. Skóladagatal skólaársins 2025–2026 liggur fyrir með skipulagi fundanna. Fundargerðir eru skráðar og vistaðar á Teams-svæði skólans.

Starfsmannasamtöl fara fram ár hvert á tímabilinu mars–apríl. Í þeim er farið yfir væntingar starfsfólks fyrir næsta vetur, hvernig síðasta skólaár gekk, óskir starfsfólks um símenntun og almenna líðan í starfi.

Deildarstjórafundir eru haldnir vikulega á mánudögum kl. 13:00–14:00. Þar er fjallað um málefni sem varða bæði skólann í heild og einstakar deildir. Fundargerðir eru skráðar og vistaðar á Teams.

Deildarfundir eru einnig vikulegir og standa í hálf tíma í senn.

- **Krummadeild:** þriðjudaga kl. 10:00–10:30
- **Kríudeild:** þriðjudaga kl. 14:00–14:30
- **Tjaldadeild:** fimmtudaga kl. 10:00–10:30

Deildarstjórar skipuleggja og stýra þessum fundum. Fundargerðir eru skráðar og vistaðar á Teams-svæði hverrar deildar.

Starfs- og námskeiðsdagar

Á skólaárinu verða sex starfs- og námskeiðsdagar og er leikskólinn lokaður þá daga. Á þessum dögum fer fram undirbúningur fyrir foreldrafundi, Haustþing auk þátttöku í sameiginlegum starfsdegi skóla í Múlaþingi. Einnig eru haldin námskeið og önnur fagleg starfsþróun.

Endurmenntun/símenntun

Í handbók starfsmanna Múlaþings eru skráðar reglur um starfsþróun og símenntun.

Starfsmaður sem stundar kennaranám getur skuldbundið sig til að starfa áfram hjá Múlaþingi, í núverandi starfi eða sambærilegu, í jafn marga mánuði að loknu námi og hann fær greidd laun í námslotum.

Hagnýtar upplýsingar

Í vetur eru samtals 24 börn í leikskólanum.

- **Krummadeild:** 6 börn, öll fædd árið 2023.
- **Kríudeild:** 12 börn, þar af 8 fædd árið 2021 og 4 börn fædd árið 2022.
- **Tjaldadeild:** 6 börn, öll fædd árið 2020.

Aðlögun fór fram í september og janúar skólaárið 2024–2025. 1. september hóf eitt barn, fætt 2023, leikskólagöngu á Krummadeild. Á sama tíma fóru sex börn, fædd 2021, yfir á Kríudeild. Elstu börnin, fædd 2019, færðust í salinn á Tjaldadeild. Í janúar hófu tvö börn, bæði fædd árið 2023, leikskólagöngu á Krummadeild.

Viðbótarkennsla

Sex börn fá viðbótarkennslu í vetur. Fjögur þeirra sækja tíma hjá talmeinafræðingi á leikskólatíma. Tvö börn glíma við meiri vanda og fá því aukinn stuðning.

Alls eru ellefu börn tvítyngd og fá þau markvissa málörvun sem fer fram inni á deildunum.

Almennt um Bjarkatún

Leikskólinn Bjarkatún hóf starfsemi sína í grunnskólabýggingunni árið 1982, þá eingöngu sem sumarleikskóli. Árið 1986 fékk leikskólinn eigið húsnæði og varð þá opinn allt árið, bæði fyrir og eftir hádegi. Þann 22. október 2005 flutti leikskólinn í núverandi húsnæði.

Í vetur verður Bjarkatún þriggja deilda leikskóli þar sem samsetning barnanna gerir það erfitt að halda tveimur deildum eins og venjulega. Leikskólinn starfar samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla*.

Börn geta hafið leikskólagöngu á Krummadeild þegar þau eru orðin eins árs, ef aðstæður og rými leyfa. Hámarksfjöldi á deildinni er átta börn í vetur. Þegar börnin verða þriggja ára að hausti færast þau yfir á Kríudeild, sem hefur hámarksfjölda 14 barna. Í vetur verður einnig starfrækt Tjaldadeild fyrir sex elstu börnin í leikskólanum.

Öryggismál

Öll börn í Leikskólanum Bjarkatúni eru slysatribyggð hjá Vís. Tryggingin gildir á skólatíma, í allri viðveru í skólanum og í ferðum á vegum skólans.

Mikilvægt er að hafa í huga að börnin eiga ekki að koma með verðmæti eða peninga að heiman. Skólinn ber ekki ábyrgð á slíkum eigum ef þær tapast eða skemmast.

Atvik

Öll slys á börnum eru skráð í Atvik, sem er slysa- og forvarnarskrá starfsmanna. Í Atvik er hægt að skrá eftirfarandi: ábendingar, næstum slys, minniháttar slys, fjarveruslys, ógn og slys á barni. Allir starfsmenn hafa aðgang að skráningu í Atvik í gegnum Múlann.

Heilbrigðiseftirlitið og Vinnueftirlitið

Heilbrigðiseftirlitið og Vinnueftirlitið heimsækja leikskólann reglulega og fylgjast með starfsemi hans. Allar úrbótatillögur sem fram koma í slíkum úttektum eru unnar samkvæmt leiðbeiningum eftirlitsaðila.

Öryggistrúnaðarmaður leikskólans er Steinunn Þórarinsdóttir og öryggisfulltrúi er Gunnlaug Fía Aradóttir. Báðar hafa þær lokið viðeigandi námskeiðum á vegum Vinnumálastofnunar.

Foreldrasamstarf

Deildarstjórar senda vikulega föstudagspósta til foreldra með samantekt um vikuna sem er að líða og upplýsingar um það sem framundan er.

Leikskólastjóri heldur almennan foreldrafund 9. september kl. 17:00 þar sem kynnt verður vetrarstarfið og önnur mikilvæg atriði. Foreldrafundir deilda fara fram 14. janúar kl. 17:00, þar sem deildarstjórar Krumma-, Kríu- og Tjaldadeildar fara yfir starf deildanna og veita foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, að hausti og að vori. Í október fara deildarstjórar yfir stöðu hvers barns og áherslur vetrarins með foreldrum. Í mars eru foreldraviðtöl þar sem rætt er hvernig veturinn hefur gengið og metnar næstu skref. Fyrir börn í sérkennslu tekur sérkennslustjóri þátt í viðtölunum. Foreldrar geta jafnframt ávallt óskað eftir viðtali hvenær sem þeim hentar.

Mikilvægt er að byggja á gagnkvæmum trúnaði milli foreldra og starfsfólks. Dagleg upplýsingagjöf er forsenda þess að barninu líði vel, bæði varðandi líðan þess í leikskólanum og heima. Foreldrar eru hvattir til að láta vita ef breytingar verða á högum barnsins.

Foreldrafélag / Foreldraráð

Gott samstarf við foreldra er mikilvægur þáttur í starfsemi hvers leikskóla. Markmið foreldrafélagsins er að stuðla að velferð barna í leikskólanum og efla samskipti foreldra innbyrðis og við skólann.

Samkvæmt reglugerð á að starfa foreldraráð við hvern leikskóla. Þar sem Leikskólinn Bjarkatún er fámennur hefur verið veitt undanþága þannig að sömu aðilar sitji bæði í foreldraráði og foreldrafélagi. Hlutverk foreldraráðsins er að veita umsagnir til leikskólans og fjölskylduráðs um áætlanir og starfsemi skólans, fylgjast með framkvæmd þeirra og kynningu. Í stjórn foreldraráðs veturinn 2024–2025 voru: Eygló Valdimarsdóttir, Natan Leó Arnarsson og Maciej Pietrunko. Foreldrafélagið heldur aðalfund 9. september og þá kemur í ljós hvort núverandi stjórn heldur áfram.

Foreldrafélagið stendur meðal annars fyrir eftirfarandi viðburðum:

- Jólaföndur í leikskólanum
- Jólagjöf fyrir leikskólabörn
- Sumargjöf eða viðburður á vorönn
- Sveitaferð fyrir leikskólabörnin

Auk þess tekur félagið þátt í viðburðum á vegum leikskólans eftir því sem kostur er og stendur fyrir fjáraflanir eftir þörfum hverju sinni.

Samstarf

Fjölskyldusvið – Skólaþjónusta Múlaþings

Skólaþjónusta Múlaþings hefur farsæld barna og fjölskyldna að leiðarljósi í öllu starfi sínu. Lögð er áhersla á fagmennsku í hverju verkefni og forvarnir sem stuðla að velferð og farsæld til framtíðar.

Starfsemi skólaþjónustunnar byggir á reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 444/2019. Reglugerðin á stoð í 21. og 22. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 40. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum. Þá byggir starfsemin jafnframt á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Skólaþjónusta Múlaþings sinnir sérfræðilegum stuðningi við leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu. Verkefnin lúta bæði að stuðningi við nemendur og foreldra og að faglegum stuðningi við skólastarf og starfsfólk.

Markmið skólaþjónustu sveitarfélaga eru m.a.:

- Að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi.
- Að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geta leyst sem flest viðfangsefni innan síns ramma.
- Að veita starfsfólki leiðbeiningar og aðstoð í starfi þegar þess er þörf.

Skólaþjónustan er hluti af fjölskyldusviði Múlaþings og starfar í nánú samstarfi við Austurlandslíkanið, sem miðar að samþættri farsældarþjónustu fyrir börn og fjölskyldur. Skóla- og frístundaþjónustu Múlaþings fer yfir allar tilvísanir sem berast til skólaþjónustu og hittist teymið að jafnaði tvisvar í mánuði.

Mikil áhersla er lögð á skilvirka verkferla í leik- og grunnskólum, þannig að mál barna í vanda séu afgreidd hratt og markvisst. Unnið er með úrræði og aðferðir sem skólinn hefur yfir að ráða, ásamt þeirri þekkingu og reynslu sem býr í mannauðnum, um leið og grunur um vanda kemur upp.

Djúpavogsskóli

Verkefnið *Brúum bilið* er samstarfsverkefni leikskólans og Djúpavogsskóla sem hefur það markmið að auðvelda börnum aðlögun þegar þau flytjast úr leikskóla í grunnskóla. Nemendur úr 1. bekk koma í heimsókn í leikskólann á haustönn, en á vorönn fara elstu nemendur leikskólans í heimsókn í grunnskólann. Þar fá þau tækifæri til að kynnast húsnæði skólans, starfsfólki og hitta nemendur í 1. bekk. Í vetur eru sex börn á síðasta ári í leikskólanum sem taka þátt í verkefninu.

Samstarf leikskólans og Djúpavogsskóla nær einnig til annarra bekkjardeilda:

- Nemendur úr 8.–10. bekk koma í starfskynningu á Kríudeild.
- Nemendur í 4. bekk eru boðnir á vetrarfögnuð leikskólans sem haldinn er daginn fyrir fyrsta vetrardag.
- Nemendum í 7. bekk gefst kostur á að koma og lesa upphátt fyrir börnin á Kríudeild þegar þau æfa sig fyrir upplestrarkeppni grunnskólans.

Þetta samstarf styrkir tengsl milli skólastiganna og stuðlar að jákvæðum samskiptum barna á mismunandi aldri.

Skil milli skóla

Deildarstjóri Tjaldadeildar og sérkennslustjóri annast skil barna sem hefja nám í grunnskóla Djúpavogs. Þegar börn flytjast í aðra skóla sér leikskólastjóri um skilin.

Með börnunum fylgja þau gögn sem stuðla að samfellu í námi og stuðningi. Auk þess geta foreldrar óskað eftir að aðrar skýrslur eða gögn fylgi barninu, ef þau telja það þjóna hagsmunum þess.

Tryggvabúð

Leikskólinn Bjarkatún á í góðu samstarfi við Tryggvabúð, félag eldri borgara. Á aðventunni fara börnin ásamt kennurum í litlum hópum í vöflukaffi á miðvikudögum í Tryggvabúð. Þessar heimsóknir skapa tækifæri til ánægjulegra kynna milli kynslóða og stuðla að jákvæðri samveru. Stefnt er að því að efla þetta samstarf enn frekar á komandi skólaári.

Brunavarnir Austurlands

Leikskólinn er í samstarfi við Brunavarnir Austurlands þar sem elsti árgangurinn tekur þátt í verkefninu *Logi og Glóð*. Slökkviliðsstjóri kemur einu sinni á ári og framkvæmir úttekt á leikskólanum vegna brunavarna. Tveir elstu árgangarnir fara einnig í heimsókn á slökkvistöðina á staðnum þar sem þau fá að skoða slökkviliðsbílinn.

Lokaorð

Skólastarf í skólum landsins tekur sífelldum breytingum. Því er áætlun sem þessi mikilvægt skjal til að halda utan um allt það góða og mikilvæga starf sem fram fer í leikskólanum Bjarkatún. Allar ábendingar um það sem betur má fara eru ávallt vel þegnar.

Við viljum ljúka starfsáætluninni með því að minna á einkunnarorð leikskólans: *samvinna*, *traust* og *virðing*. Með því að hafa þau að leiðarljósi í öllu starfi skólans skapast umhverfi þar sem gleði og vellíðan fylgja daglegu leikskólastarfi.

Fylgiskjöl

Áætlanir og skýrslur leikskólans Bjarkatúns:

<https://www.mulathing.is/is/thjonusta/menntun/leikskolar/bjarkartun>

Skóladagatalið fyrir veturinn 2025-2026:

<https://www.mulathing.is/static/files/leikskoli/Bjarkartun/leikskoladagatal-2025-2026.pdf>